

Breyting á aðalskipulagi Kópavogs

Skipulagslýsing, dags. 15.09.2022
Auglýsingar



Fylgiskjal 11

Skipulagshönnun

– Miðlæg íbúabyggð í Vestmannaeyjum



Vestmannaeyjabær auglýsir eftir áhugasömum fagaðilum til að vinna að hugmyndum fyrir heildarskipulag miðlægrar íbúabyggðar, samfélagsþjónustu og græns svæðis í hjarta Heimaeyjar. Svæðið sem um ræðir er kennt við Malarvöll og Löngulág.

Valdir verða umsækjendur til að vinna að hugmynd fyrir heildarnýtingu og skipulag svæðisins. Sú tillaga sem þykir best verður þróuð áfram í samstarfi milli Vestmannaeyjabæjar og viðkomandi fagaðila.

Val á umsækjendum mun taka mið af fyrri verkum umsækjenda, umsögnum vegna fyrri verka og viðtölum við viðkomandi.

Áhugasamir aðilar eru beðnir að hafa samband við skipulagsfulltrúa – dagny@vestmannaeyjar.is. Með umsókn skulu fylgja fyrri verkefni af svipuðum toga og mun valnefndin styðjast við þau gögn við val á umsækjendum.

Pegar hugmyndirnar liggja fyrir verður valin sú tillaga sem þykir best og hún þróuð áfram í samstarfi milli Vestmannaeyjabæjar og viðkomandi fagaðila.

Aðalskipulag svæðisins má skoða á kortvef Vestmannaeyjabæjar: <https://map.is/vestm/>

Markmið skipulagsins er að svæðið bjóði uppá á mannvænt umhverfi og fjölbreytt framboð íbúða. Fyrirhugað er að á svæðinu verði leikskóli og að grænt svæði í Löngulág muni halda sér. Þannig er áhersla á góða landnýtingu, gönguvænt umhverfi og aðlaðandi tófstundarsvæði.

Umsóknarfrestur er til og með 17. október 2022.



Erum við
að leita að þér?

Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi

Leikskóli við Skólatröð. Lýsing skipulagsverkefnis.

Vakin er athygli á að nú stendur yfir í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kynning á lýsingu skipulagsverkefnis (skipulagslýsingu) vegna nýs deiliskipulags leikskóla við Skólatröð.

Fyrirhugað deiliskipulagssvæði nær yfir 0,2 ha lóð við Vallartröð 12A. Í lýsingunni eru settar fram helstu forsendur og markmið deiliskipulagsvinnunnar ásamt tímaáætlun skipulagsferlisins.

Miðvikudaginn 19. október milli kl. 17:00-18:00 verður kynningarfundur/opið hús á bæjarskrifstofum Kópavogs að Digranesvegi 1 þar sem lýsingin verður kynnt sérstaklega þeim sem þess óska.

Ofangreind lýsing skipulagsverkefnis á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Ef óskað er nánari upplýsinga um lýsinguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeildar á netfangið skipulag@kopavogur.is.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna.

Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 27. október 2022.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040

Vatnsendahvarf. Breyting á aðalskipulagi. Lýsing skipulagsverkefnis.

Vakin er athygli á að nú stendur yfir í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kynning á lýsingu skipulagsverkefnis (skipulagslýsingu) vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf. Breytingin er gerð í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í aðalskipulagsbreytingunni verður afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld verður út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla. Auk þess er staðsetning minjasvæðis leiðrétt. Í athugun er að breyta Kambavegi í safngötu frá Vatnsendavegi – að og frá hverfinu.

Ofangreind lýsing skipulagsverkefnis er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Ef óskað er nánari upplýsinga um lýsinguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeildar á netfangið skipulag@kopavogur.is.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna.

Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 27. október 2022.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.



Kópavogsbær

kopavogur.is

